

Fundargerð 70. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflogvallar, haldinn 11. október 2012, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Inga Sólnes,
Sigrún Árnadóttir,
Friðjón Einarsson,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. *Háskólavellir – staða viðræðna*
Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar stöðu Háskólavalla. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og halda stjórn upplýstri um málið.
3. *Keilir- arður*
Árni Sigfússon sat hjá við afgreiðslu þessa máls. Framkvæmdastjóri kynnt erindi stjórnar Keilis, þar sem farið er fram á samþykki hluthafa fyrir því að arður verði ekki greiddur út úr félaginu er rekur Keili. Stjórn samþykkti þá tillögu.
4. *Seltún - staða*
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu Seltúns.
5. *Ferðaþjónustuklasi*
Framkvæmdastjóri kynnti samstarfssamning um uppbyggingu íslensks ferðaþjónustuklása. Stjórn samþykkti samninginn.
6. *Önnur mál*
 - a. *Verne*
Bréf frá ÞK til Verne með kröfu um endurgreiðslu vegna meintrar ríkisaðstoðar skv. úrskurði ESA var sent út til Verne í dag.
 - b. *Heilsufélag Reykjanes*
Saga félagsins kynnt og rætt um framtíð þess. Framkvæmdastjóra var falið að kanna áhuga annarra hluthafa á framtíð félagsins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

